

29. gr.

Gjöld og dagsektir samkvæmt lögum þessum, svo og kostnað skv. 26. og 27. gr., má innheimta með lögtaki.

30. gr.

Ráðherra setur, að fenginni tillögu Brunamálastofnunar, reglugerðir þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd laga þessara.

31. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum samkvæmt þeim varða sektum en varðhaldi eða fangelsi ef sakir eru miklar.

32. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 74 12. maí 1982, um brunavarnir og brunamál.

Ákvæði 2. mgr. 3. gr. um tímabundna skipun brunamálastjóra tekur ekki til núverandi brunamálastjóra.

Við gildistöku laga þessara skal félagsmálaráðherra skipa nýja stjórn Brunamálastofnunar ríkisins í samræmi við 1. mgr. 3. gr. Umboð núverandi stjórnar fellur niður um leið og ráðherra hefur skipað hina nýju stjórn.

Gjört í Reykjavík, 27. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jóhanna Sigurðardóttir.

LÖG

**um breytingu á lögum nr. 34/1988, um greiðslur Atvinnuleysis-
tryggingasjóðs vegna fiskvinnslufólks.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verði á 1. málsl. 4. mgr. 1. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „laga nr. 64/1981“ komi: laga nr. 96/1990.

b. Í stað orðanna „sex vikur“ komi: níu vikur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1992.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Sighvatur Björgvinsson.